



Alþingi  
Nefnda- og greiningarsvið  
Smiðja  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.5.2024  
#202405-0005

Efni: 941. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Umsögn frá Þjóðminjasafni Íslands

Þjóðminjasafn Íslands fagnar þeirri þingsályktunartillögu sem fram er komin um eflingu og uppbyggingu sögustaða.

Í húsasafni Þjóðminjasafnsins eru hús á yfir 40 stöðum á landinu þar sem safnið hefur í gegnum áratugi staðið fyrir varðveislu og miðlun sögu bæði mannvirkja og staða oft í samstarfi við heimamenn. Oftar en ekki standa þessi hús á stöðum sem telja má til helstu sögustaða, má nefna gömlu kirkjuna í Reykholti í Borgarfirði og Nýabæ á Hólum í Hjaltadal. Aðrir staðir hafa vegna þeirra sögulegu mannvirkja sem þar standa hlotið verðugan sess sem viðkomustaðir með mikið aðdráttarafli fyrir gesti, svo sem Glaumbær í Skagafirði og Laufás við Eyjafjörð þar sem 19. aldar torfbærir standa enn uppi.

Mikilvægt er að stefna hins opinbera um uppbyggingu sögustaða taki til þessara staða og hlúð sé að varðveislu þeirra menningarsögulegu mannvirkja sem þar standa og þau nýtt með sjálfbærum hætti til þess að miðla sögu og tengja fortíð og samtíð í gegnum upplifun af menningarsögulegum byggingum. Má þar nefna Þverá í Laxárdal, Skipalón við Eyjafjörð, Teigarhorn við Berufjörð, Litla Bæ í Skötufirði og Galtafell í Hrunamannahreppi. Allir þeir staðir hafa til að bera þá kosti sem sögustaður þarf að hafa auk þess sem uppistandandi mannvirki eru fulltrúar liðins tíma og með faglegri varðveislu má skapa áhugaverða umgjörð um miðlun sögu og menningar.

Við uppbyggingu ferðaþjónustu á þessum stöðum þarf að hugsa um varðveislu, aðgengi, möguleika á gjaldtöku og nýjar leiðir við eftirlit og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem koma að rekstri á stöðunum. Þjóðminjasafn Íslands lýsir sig tilbúið til að taka þátt í þessari vinnu og leggja til hennar þá þekkingu og reynslu sem safnið hefur af viðhaldi og rekstri slíkra staða.

Virðingarfyllt,

Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður